



Innviðaráðuneytið  
b.t. skrifstofu samgangna  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík  
[irn@irn.is](mailto:irn@irn.is)

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 6. maí 2022

**Efni: Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 866/2011 um öryggisstjórnun vegamannvirkja, mál nr. 82/2022**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 866/2011 um öryggisstjórnun vegamannvirkja. Reglugerðinni er m.a. ætlað að kveða skýrt á um sjálfstætt eftirlit Samgöngustofu með framkvæmd umferðaröryggisstjórnunar vegamannvirkja og skyldu hennar og ábyrgðar til aðgerða gefi eftirlit hennar tilefni til.

**Áframhaldandi útvistun framkvæmdar á umferðaröryggisstjórnun vegamannvirkja**

Samtökin fagna því að skýrt sé kveðið á um skyldu Samgöngustofu til eftirlits með framkvæmd umferðaröryggisstjórnunar vegamannvirkja vegahaldara og telja eðlilegt að eftirlitið sé fært í hendur óháðrar eftirlitsstofnunar. Þannig er eftirlitinu komið fyrir hjá stofnun sem annast ekki vegahald og því horfið frá þeirri framkvæmd að vegahaldari beri ábyrgð á því að framkvæmd sé umferðaröryggisstjórnun á eigin vegamannvirkjum.

Eftir umræddar reglugerðarbreytingar verður þó framkvæmd umræddra úttekta áfram í höndum vegahaldara. Vilja samtökin benda á og hvetja vegahaldara til að nýta sér áfram þá þekkingu sem býr í hæfum aðilum hins almenna vinnumarkaðar og útvista framkvæmd úttektanna eins og frekast er. Að mati þeirra aðila sem komið hafa að framkvæmd umferðaröryggisstjórnunar hefur núverandi fyrirkomulag heppnast afar vel.

Með breytingunum verður Samgöngustofu aftur á móti gert kleift að framkvæma eða láta framkvæma umferðaröryggisúttektir á vegamannvirkjum, sé tilefni til. Ekki er frekar skilgreint hvenær slíkar úttektir geta farið fram hjá Samgöngustofu eða að beiðni hennar. Þó má leiða af ákvæðinu að þetta sé eingöngu í þeim tilvikum þegar sérstök ástæða þyki til og því í undantekningartilvikum, t.a.m. þegar gerð er úttekt í kjölfar slyss eða öðrum sérstökum tilvikum. Hér skapast að mati Samtaka iðnaðarins ennfremur tækifæri til að nýta hæfni markaðsins til að framkvæma slíkar úttektir og vilja samtökin ítreka framangreinda afstöðu sína til útvistar á framkvæmd öryggisstjórnunar vegamannvirkja til hæfra aðila á hinum almenna markaði, burtséð frá því hvort framkvæmdin sé á ábyrgð vegahaldara eða Samgöngustofu.

Að mati samtakanna er það þjóðhagslega hagkvæmt að útvista verkefnum stjórnvalda til hæfra aðila hins almenna markaðar auk þess sem það hvetur þá aðila til þróunar á þekkingu og kunnáttu sinni á því sviði. Með aukinni þróun á þekkingu og kunnáttu aðila hins almenna vinnumarkaðar er tryggt að sú þekking og kunnátta sé aðgengileg öllum sem þess óska, burtséð frá því hvort um sé að ræða ríki, sveitarfélög eða aðrar almenna aðila.




### Tryggja þarf viðunandi viðhald vegakerfisins

Samkvæmt skýrslu SI og Félags ráðgjafaverkfræðinga (hér eftir „FRV“) um ástand innviða sem kom út í fyrra er töluverð uppsöfnuð viðhaldspörf á innviðum landsins og er mesta viðhaldsskuldin metin í vegakerfinu eða um 160-180 ma.kr. Í skýrslunni kemur fram að stórir hlutar þjóðvegakerfisins uppfylla ekki lágmarksviðmið sem lúta að hrörnun slitlags, hjólfaradýpt, sprungumyndun, holumyndun o.fl. Þáttum er varða gæði vega og snúa þannig beint að öryggi vegfarenda.

Samtökin vænta þess að með auknu sjálfstæðu eftirliti Samgöngustofu með framkvæmd umferðaröryggisstjórnunar vegamannvirkja og tíðara öryggismati á heildarvegkerfinu komi ástand vega vel í ljós sem og viðhaldspörfin. Gefi framkvæmd umferðaröryggisstjórnunar vegamannvirkja af hálfu vegahaldara, eða eftirlit Samgöngustofu með þeim framkvæmdum, tilefni til viðhalds og endurnýjunar vegamannvirkja leggja samtökin ríka áherslu á að þeim niðurstöðum sé fylgt eftir í verki og þau verkefni fullfjármögnuð. Markmiðið hlýtur að vera að halda öruggu vegakerfi og vinna á uppsafnaðri viðhaldspörf kerfisins, en ekki bæta á hana.

Virðingarfyllst,

  
Bjartmar Steinn Guðjónsson,  
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði SI